

**Nd.**

## **742. Frumvarp til laga**

um fávítahæli.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

- a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita eða hörn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.
- b. Hjúkrunarhæli fyrir örvíta eða þá fávíta, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
- c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávíta, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

### **2. gr.**

Semja má um námsvist, eða hjúkrunar- og vinnuvist, fyrir fávíta í stofnunum bæjar- eða einkafélaga, ef eftirlitsnefnd fávítahæla og landlæknir samþykkir, enda hafi stofnanir þessar þeim starfsmönnum á að skipa, er fullnægja skilyrðum kennslumálaráðherra um undirbúning eða reynslu í starfinu.

### **3. gr.**

Skólaheimili taki börn og unglinga fram að tvítugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægileg skólaheimili eru í landinu, getur kennslumálaráðherra sett með reglugerð ákvæði um almenna námsskyldu þeirra fávíta, sem unnt þykir að veita nokkra fræðslu, svo og um undirbúningsmenntun fávítakennara.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örvitum, eða fávítum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlyning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhæli skulu vera í tveim deildum, fyrir karla og konur, og skal þar veita starfhæfum fávítum, sem ekki eiga annars úrkosta, vinnu við þeirra hæfi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem eftirlitsnefnd fávítahæla semur, en kennslumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávíta, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávíta, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

7. gr.

Framfærslustyrkur fávíta telst ekki fátækrastryrkur, en fávítar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

8. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

- a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávíta og hagi þeirra.
- b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem ætluð er vist á skólaheimili eða hjúkrunarhæli.
- c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávíta, sem dvelja ekki í fyrrnefndum hælum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Á meðan ekki eru samþykkt lög um framfærslu sjúkra manna og örkumla almennt, greiðir rikissjóður  $\frac{4}{5}$  hluta meðgjafar með efnalausum fávítum á fyrrgreindum hælum, en framfærslusveitin  $\frac{1}{5}$  hluta.